

Innvigtun mjólkur og nýting framleiðsluréttar

INNVIGTUN AÐILDARFÉLAGA SAM ÁRIN 2009 OG 2010


Heildarinnvigtun aðildarfélaga SAM árið 2010 var 123,2 milljónir lítra. Innvigtun minnkaði milli ára um tæpa 2,4 milljón lítra, eða um 1,9%. Samdráttur í innvigtun dreifist nokkuð jafnt yfir árið.

Tafla 1. Samanburður á innvigtun eftir mánuðum árin 2008 og 2009, lítrar.

Mánuður	2010	2009	Mismunur	Mismunur %
Janúar	10.301.428	10.766.374	-464.946	-4,32
Febrúar	9.926.408	10.049.873	-123.465	-1,23
Mars	11.597.540	11.313.417	284.123	2,51
Apríl	10.903.302	11.253.031	-349.729	-3,11
Maí	11.348.595	11.455.207	-106.612	-0,93
Júní	11.189.096	11.584.468	-395.372	-3,41
Júlí	10.544.458	10.715.544	-171.086	-1,60
Ágúst	10.017.706	10.082.583	-64.877	-0,64
September	9.295.043	9.450.302	-155.259	-1,64
Október	8.906.469	9.369.819	-463.350	-4,95
Nóvember	9.290.007	9.344.256	-54.249	-0,58
Desember	9.858.223	10.184.587	-326.364	-3,20
Samtals	123.178.275	125.569.461	-2.391.186	-1,90

VIKULEG INNVIGTUN AÐILDARFÉLAGA SAM ÁRIN 2009 OG 2010


Vikuleg innvigtun mjólkursamlaganna sveiflast yfir árið. Árið 2010 náði innvigtun hámarki í viku númer 23 en lágmarkið var í viku 43. Mest varð vikuleg innvigtun 2.611 þús. lítrar en lágmarkið var 2.055 þús lítrar sem er um 78% af hámarksinnvigtuninni.



Mynd 1: Vikuleg innvigtun mjólkur

MEÐALINNVIGTUN OG FJÖLDI MJÓLKURFRAMLEIÐENDA

SAM hefur safnað gögnum um fjölda mjólkurinnleggjenda frá árinu 1980. Á síðustu 30 árum hefur mjólkurframleiðendum fækkað um 71%, að jafnaði um einn framleiðenda á viku. Litlar breytingar milli áráanna 2009 og 2010 má meðal annars rekja til takmarkana á sölu greiðslumarks.



Mynd 2: Fjöldi mjólkurframleiðenda og meðalinnvigtun árin 1980 – 2010.

NÝTTUR FRAMLEIÐLSURÉTTUR VERÐLAGSÁRIÐ 2009/2010

Verðlagsárið 2009/2010 var einstakt í sögunni því verðlagsárið var 16 mánuðir í stað 12 mánaða áður. Frá og með 1. Janúar 2011 munu verðlagsárin fylgja almanaksárum. Samkvæmt uppgjöri frá Bændasamtökum Íslands var innvigtun verðlagsársins 2009/2010 var 161.572.852 lítrar en greiðslumark verðlagsársins var 155.000.000 lítrar. Innvigtun mjólkur á landinu öllu var því 4,24% umfram greiðslumark.

Aðildarfélag SAM upplýsa samtökin um innvigtun í hverjum mánuði og skiptingu innvigtunar innan og utan greiðslumarks. Í töflu 4 er sýnd nýting greiðslumarks hjá hverri afurðastöð verðlagsárið 2009/2010 ásamt uppgöfnum magni mjólkur sem var nýtt til heimavinnslu á verðlagsárinu.

Tafla 2. Innvigtun mjólkur innan og utan greiðslumarks verðlagsárið 2009/2010.

Afurðastöðvar	Framleitt innan greiðslumarks	Framleitt umfram samning	Framleitt alls
Auðhumla svf	139.749.727	6.167.330	145.917.057
Mjólkursamlag KS	15.204.660	405.522	15.610.182
Heimavinnsluaðilar	45.613	0	45.613
SAMTALS	155.000.000	6.572.852	161.572.852

Heimild: Bændasamtök Íslands og aðildarfélag SAM.